

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2018

2020/EES/6/37

frá 23. mars 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/785 frá 5. maí 2017 um viðurkenningu á nýtnum 12 volta hreyfilrafölum sem eru notaðir í fólksbifreiðar með hefðbundinn brunahreyfil sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 ⁽³⁾.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. kafla XX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 21aew (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1926):

„21aex. **32017 R 0785**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/785 frá 5. maí 2017 um viðurkenningu á nýtnum 12 volta hreyfilrafölum sem eru notaðir í fólksbifreiðar með hefðbundinn brunahreyfil sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjttíð. ESB L 118, 6.5.2017, bls. 20).

21aey. **32017 R 1152**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).

21aез. **32017 R 1153**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 118, 6.5.2017, bls. 20.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679.

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við í lið 21aya (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012):

„– **32017 R 1152:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21aec (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010):

„– **32017 R 1153:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/785 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1152 og (ESB) 2017/1153, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 (4) og 111/2017 (5) frá 16. júní 2017, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(4) Stjttíð. ESB L 142, 7.6.2018, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 37, 7.6.2018, bls. 9.

(5) Stjttíð. ESB L 142, 7.6.2018, bls. 45, og EES-viðbætur nr. 37, 7.6.2018, bls. 14.